# Multi Múrkerfi / inni




Multi múrkerfi / inni er ætlað á bæði plast og ullareinangrun innandyra. Kerfið er byggt á Weber Multi 280, Fibro glertrefjaneti og Weber IP-14 innimúr.

**Undirbúningur.**
Gætið þess að fullnægjandi hiti sé í rýminu. Einangrunin þarf að vera föst og þurr.

**Ásetning:**
Blandið og hrærið Multi 280 samkvæmt tæknilýsingablaði. Það er mjög mikilvægt að fara nákvæmlega eftir leiðbeiningunum. Dragið með bretti eða sprautið Multi 280 í jafnt lag, ca 3-4mm, á vegginn. Fibro glertrefjanetið er nú glattað í blautann múrinn. Netið er lagt lóðrétt ofan frá og niður. Gætið þess að glatta ekki netið of langt inn í múrinn. Á samskeytum er netið látið skarast um 10cm. Í gluggakanta og inn / úthorn eru notaðir Serpohornalistar. Á öll gluggahorn þarf að setja aukastyrkingu með ca 30x40cm bút af glertrefjaneti.



Seinna lagið er sett á eftir ca 18-24 klst. Blandið og hrærið IP-14 samkvæmt tæknilýsingablaði. Það er mjög mikilvægt að fara nákvæmlega eftir leiðbeiningunum um vatnsmagn og hrærslu. Dragið með bretti eða sprautið IP-14 í jafnt lag, ca 8-10mm, á vegginn, réttið af með álréttskeið og pússið. pússaður flötur með Maxit IP-14 er tilbúinn til spörtlunar, málunar, flísalagna o.s.fr

## Tæknilegar upplýsingar.

### Multi 280

| | |
|---|---|
| Efnisþörf 1mm: | 1,4kg/m$^2$ |
| Vatnsþörf: | 6litr / 30kg |
| Þrýstiþol: | 10 N/mm$^2$ |
| Þykktarsvið: | 3-5mm |
| Vinnslutími: | 90mín |
| Flokkun: | P III DIN 18550 |
| Brunaflokkun: | A1. Brennur ekki. |

### Weber IP-14

| | |
|---|---|
| Efnisþörf 1mm: | 1,45kg/m$^2$ |
| Vatnsþörf: | 5-6litr/30kg |
| Þrýstiþol: | 10 N/mm$^2$ |
| Þykktarsvið: | Min. 10mm |
| Vinnslutími: | 90mín |
| Flokkun: | P III DIN 18550 |
| Brunaflokkun: | A1. Brennur ekki. |

Efnisþörf fyrir innimúrkerfi per fermeter.
Lag 1: Multi 280 4mm þykkt: 5,6kg kg/m$^2$
Fibro glertrefjanet: 1,1m$^2$
Lag 2: Weber IP-14 m.v 10mm þykkt: 14,5 kg/m$^2$

Sjá nánari upplýsingar á tæknilýsingablöðum fyrir Multi 280 og Weber IP-14
Leitið til sölumanna ef einhver vafaatriði koma upp.

MÚRBÚÐIN

Klettshálsi 7. 112 Reykjavík
Tel: 412-2500 Fax:554-1769
sala@murbudin.is

Fuglavík 18. 230 Reykjanesbæ
Tel: 412-2500 Fax:517-6068
sudurnes@murbudin.is

Furuvöllum 15. 600 Akureyri
Tel: 412-2500 Fax:517-6069
akureyri@murbudin.is

Garðarsbraut 50. 640 Húsavík
Tel: 464-4100 Fax:464-4109
murbudin@simnet.is

Flötum 29. 900 Vestmannaeyjum
Tel: 481-3533 Fax:554-1769
steini@geisli.is